

Ágætu tilheyrendur:

I.

Samkvæmt 2. grein laga nr. 106 frá 27. desember 1999 um Byggðastofnun er það hlutverk stofnunarinnar að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Byggðastofnun tilheyrir stjórnarsýsluviði Iðnaðarráðuneytisins. Stofnunin hefur sett sér verklagsreglur um útlánastarfsemi og um fjármála- og eignaumsýslu, síðast gefnar út 15. nóvember 2002. Mikið hefur verið unnið að framþróun regluverks stofnunarinnar og stefnt að marktækum áfanga á þessu ári, en Byggðastofnun ber m.a. að uppfylla þau skilyrði sem Fjármálaeftirlitið og Ríkisendurskoðun setja.

Aðalatriði þingsályktunar Alþingis um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002 - 2005 eru þessi:

- * að draga úr mismun lífskjara og lífsmöguleika,
- * að skapa landsbyggðinni sem hagstæðust búsetuskilyrði,
- * að aðstoða við aðlögun að örrí þróun samfélags og atvinnulífs,
- * að treysta búsetuskilyrði í fjölmennustu byggðum úti á landi,
- * að rækta menningu, auðga þjóðlíf og skapa fjölbreytilega kosti í búsetu og lífsháttum,
- * að stuðla að fjölbreytni og jöfnun starfsskilyrða,
- * að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda og góðri umgengni við náttúru landsins.

Byggðastofnun er í senn rannsóknar- og ráðgjafarstöð og fjárfestingarlánastofnun. Byggðastofnun mótar ekki stefnu heldur framfylgir byggðastefnu stjórnvalda.

Sérstaða Byggðastofnunar birtist í því að hún hefur afskipti af málum aðeins á skilgreindu starfssvæði sínu á landsbyggðinni. Sérstaða stofnunarinnar birtist líka í sérstökum lánakjörum sem hún býður og viðmiðunum um veð, tryggingar, greiðslugetu og rekstrarhæfi. Þá sést sérstaða stofnunarinnar í því að henni er heimilt að meta byggðarmikilvægi ásamt öðrum málsástæðum. Loks birtist sérstaða Byggðastofnunar í þeirri miklu vinnu sem starfsmenn leggja í aðstoð við viðskiptamenn.

Sérstaklega ber að minna á ákvæði 11. greinar laga um Byggðastofnun, en þar segir m.a.: "Fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar ... skal vera að varðveita eigið fé hennar að raungildi". Þetta ákvæði afmarkar allar athafnir stofnunarinnar.

Byggðastofnun starfar ekki við pólitíska úthlutun. Stofnuninni ber að starfa sem fjárfestingarlánastofnun með skilgreindri sérstöðu og með tilsettu fjárhagslegu markmiði og í samræmi við reglur góðrar stjórnarsýslu, jafnræðisreglu og málefnalegt gegnsæi í ákvörðunum og aðgerðum.

II.

Sú stjórn Byggðastofnunar sem nú skilar af sér var skipuð 21. júní 2002. Stjórnarmenn á liðnu starfsári eru þessir: Arnbjörg Sveinsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Guðjón Guðmundsson varaformaður, Gunnlaugur Stefánsson, Jón Sigurðsson formaður, Orri Hlöðversson, og Örlygur Hnefill Jónsson.

Forstjóri gerir grein fyrir ársreikningi Byggðastofnunar fyrir árið 2002 og fyrir starfseminni á árinu.

Theodór A. Bjarnason lét af forstjórastarfi í júní 2002 og var Aðalsteinn Þorsteinsson lögfræðingur Byggðastofnunar settur til að gegna forstjórastarfi til ársloka. Í desember 2002 var Aðalsteinn skipaður forstjóri Byggðastofnunar að undangengnu umsóknarferli sem ráðningarstofa annaðist.

Á starfsárinu voru, auk Aðalsteins Þorsteinssonar forstjóra, ráðnir þessir forstöðumenn: Vilhjálmur Baldursson forstöðumaður fyrirtækjasviðs og Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs.

Stjórn Byggðastofnunar hélt 13 (298.) fundi á skipunarári sínu, frá júní 2002 til þessa dags. Helstu og mikilvægustu verkefni stjórnarinnar hafa verið þessi:

- * Eftirlit með starfseminni, áætlanagerð og stefnumótun.
- * Umfjöllun og úrlausnir sérstakra vandamála og erfiðleika, bæði á líðandi stund og frá fyrri tíð.
- * Samskipti við stjórnvöld, viðskiptamenn og aðra.
- * Ráðning forstjóra.
- * Lánamál taka jafnan afarmikinn tíma.
- * Síðast en ekki síst hefur á þessu tímabili verið unnið að endurmótun verklagsreglna stofnunarinnar.

III.

Með róttækum breytingum á verklagsreglum fyrirtækjasviðs, sem samþykktar voru 19. ágúst 2002 og útgefnar með heildarendurskoðun 15. nóvember 2002, var tryggt miklu jafnari og greiðari afgreiðsla lánaerinda en áður hafði verið. Sett var ný verkaskipting milli starfsmanna og stjórnar sem m.a. gerir ráð fyrir því að umsækjendur hafa málskotsrétt til stjórnar, ef þeir vilja ekki una afgreiðslu stofnunarinnar. Samtímis hurfu stjórnarmenn úr lánanefnd og frá afskiptum af fyrstu umfjöllun um langflest erindi. Nú starfar Byggðastofnun að þessu leyti mjög líkt sem aðrir fjárfestingarlánasjóðir og tryggt er að jafnræðisregla og góð stjórnsýsla séu í heiðri hafðar.

Jafnan eru umsóknarerindi hjá Byggðastofnun sem nema þreföldum þeim fjárhæðum sem eru til ráðstöfunar þegar um lánveitingar er að ræða, og fimmtán-földum þeim fjárhæðum sem eru til ráðstöfunar varðandi styrki og samfjármögnun. Því verða sérfræðingar stofnunarinnar að forgangsraða við allar ákvarðanir og tillögur sínar. Hafna verður mörgum ágætum erindum og forgangsröðunin verður að lúta jafnræðisreglu og málefnalegu gegnsæi.

Byggðastofnun fer aldrei of ýtarlega yfir umsóknir og erindi, til að meta og skilgreina, miðað við þær skyldur og þau hlutverk sem þessari stofnun eru ætluð. Við verðum að leggja strangar mælistukur um rekstrarhæfi, fjárhagslega burði og málefnalegan, viðskiptalegan og tæknilegan undirbúning. Hvert það verkefni sem fær fjármagn en rennur síðan út í sandinn dregur afl og þrótt og kjark úr mönnum.

IV.

Byggðastofnun er rannsóknar- og ráðgjafarstöð og fjárfestingarlánastofnun. Henni ber samkvæmt lögum m.a. að tryggja verðgildi eigin sjóða. Hún mótar ekki sjálfstæða stefnu og er ekki umsjónarstofnun sem tekur eigið frumkvæði að verklegum framkvæmdum eða stjórnun athafna á vettvangi. Hún er þjónustustofnun með tilgreindum hlutverkum.

Stjórnarmenn og starfsmenn Byggðastofnunar eru ekki aðeins aðilar að framkvæmd byggðastefnu stjórnvalda. Þeir eru líka hagsmunagæslumenn skattgreiðenda og eiga að vaka yfir hagsmunum almennings við störf sín. Þeir eru meðal annars eftirlitsmenn með ráðstöfun og meðferð fjármuna sem almennir skattgreiðendur hafa lagt í þennan sjóð.

Byggðastofnun hefur margháttuð samskipti við aðrar lánastofnanir. Það er lenska að réttindi Byggðastofnunar og þar með almennings í lánamálum, varðandi veð, veðrétti og ýmsar björgunaraðgerðir eigi alltaf að víkja fyrir öðrum aðilum, þ.á m. bönkum og lánastofnunum. Og menn verða hissa þegar þeim er bent á skriflegar opinberlega staðfestar reglur Byggðastofnunar sem hindra ný veðleyfi og takmarka veðflutninga og skuldskeytingu. Ýmislegt bendir til þess að bankar og flestar lánastofnanir hafi yfirgefið landsbyggðina að verulegu leyti og komi helst ekki að málum, nema með þessu skilyrði, að hagsmunir Byggðastofnunar verði látnir víkja. Byggðastofnun hefur reynt til ýtrasta að taka hart í reipið á móti.

Byggðastofnun hefur árum saman mætt tortryggni og jafnvel fyrirlitningu meðal almennings. Þar koma margir þættir við sögu. Og því er ekki að neita að sögur hafa gengið um afskipti stjórnmalamanna, sveitarstjórnarmanna og fleiri áhrifamanna af umsóknum hjá Byggðastofnun.

Sumir hafa átt erfitt með að skilja breyttar aðstæður og ný sjónarmið. Þetta hefur valdið sumum viðskiptamönnum gremju og þeir hafa sumir talið þetta bera vitni um skilningsleysi, áhugaleysi eða hroka. Það hefur jafnvel valdið heiðarlegum og samviskusömum mönnum sárindum að við höfum neitað að grípa inn í mál sem voru í eðlilegri vinnslu í höndum starfsmanna stofnunarinnar.

Hvergi í þessum orðum á ég við neinn stjórnarmann eða varamann í stjórn Byggðastofnunar.

Það var óhjákvæmilegt að samræma Byggðastofnun við þá þróun sem orðið hefur í stjórnsýslunni. Það var óhjákvæmilegt að stjórn Byggðastofnunar tæki þá stefnu að skerpa á hlutverkaskiptingu milli sín

annars vegar og hins vegar stjórnenda, sérfræðinga og annarra starfsmanna. Því varð það, - meðan menn voru að átta sig á þessu -, hlutverk stjórnarinnar og stjórnarformannsins að venja umsækjendur, aðra viðskiptamenn, fjölmiðla og alla aðra á þá staðreynd að það þýðir ekki að leita til formanns og stjórnarmanna framhjá stofnuninni sjálfri.

Stjórnmálamaður hafa þann rétt og þá skyldu að fylgjast með, fá upplýsingar um gang mála, um afgreiðslu erinda og framkvæmd reglna í opinberum stofnunum og víðar. Skyldurækin og heiðarlegur stjórnmálamaður leggur sig í líma við að rækja þessar skyldur og nýta þessi réttindi. En það er allt annað að fara að grípa inn í réttmætan afgreiðsluferil og fara hreint og beint að berjast fyrir einni tiltekinni úrlausn í tilteknu erindi sem er til meðferðar.

Stjórnarformaður og stjórnarmenn eiga ekki að hafa afskipti af erindi sem borist hefur stofnuninni, fyrir utan upplýsingaöflun og -miðlun, fyrr en það er lagt fram á stjórnarfundum, ef ástæður eru til slíks, eftir úrvinnslu forstjóra og sérfræðinga og með málefnislegum athugasemdum eða tillögu þeirra um málið. Öðrum kosti er m.a. hætt við því að stjórnarformaður eða aðrir stjórnarmenn geti sætt kærnum á grundvelli jafnræðisreglu og jafnvel að um lögformlegt vanhæfi verði að ræða.

Meginverkefni stjórnar er ekki að fjalla um eða ákvarða um einstök erindi og umsóknir, heldur að fjalla um og ákvarða um rekstrarmálefni, setja reglur og annast eftirlit með starfsemi og málefnum stofnunarinnar, og loks stefnumótun og rammaákvarðanir.

Í flestum fyrirtækjum og stofnunum er stjórnarformaður nánasti trúnaðarráðgjafi framkvæmdastjóra, en tekur sér ekki vald hans. Reglur Byggðastofnunar miðast við þetta. Það er eitt af mikilvægustu hlutverkum stjórnarformanns Byggðastofnunar og annarra stjórnarmanna að tryggja að allir fái heiðarlega afgreiðslu í stofnuninni. Til þess að þetta geti orðið verða starfsmenn líka að fá vinnufrið.

V.

Byggðabreytingar eru óhjákvæmilegar og hljóta að fylgja breytingum í atvinnuháttum, nýtingu auðlinda, verktækni, neysluvenjum og viðskiptum.

En byggðaþróun veldur vandamálum, einkum í þeim byggðum sem undan láta. Í þessum byggðum berst fólk lífsbaráttu sinni, fjárfestir í íbúðarhúsnæði, atvinnutækjum og fleiri eignum við bærillegar framtíðarhorfur á staðnum en síðan skriður grundvöllurinn undan, vegna þróunar í nýtingu auðlinda, vegna nýrrar tækni, eða t.d. vegna aðstæðna í alþjóðlegri viðskiptasamkeppni. Samkeppnisstaða raskast, og markaðsbrestir á fjármagnsmarkaði verða varanlegir. Atvinnuhorfur skreppa saman, bæði í fjölbreytni og í fjölda starfa. Fyrirtæki ná ekki að dafna og það þrengist um aðgang að lánsfjármagni. Sums staðar herðist að um menningarþátttöku, fjölskylduþjónustu, mæðra- og ungbarnaeftirlit og skólaaðstöðu, og fólk sér og heyrir hvernig ný tækifæri á öðrum stöðum endurnýja kröfurnar til

Lífsfyllingar sem kunningjar þess á blómastöðum þróunarinnar gera fyrir sína hönd og barna sinna þar. Og fólkið í þessum byggðum sér líka á eftir sínum eigin börnum til lífs og starfa annars staðar.

Siðmenntað samfélag sem virðir gildi menningar, velferðar, samhjálp, samkeppnishæfni og framfara í frjálsu atvinnulífi hlýtur að framfylgja byggðastefnu, enda er byggðabreyting hluti af öfluglu atvinnulífi og frjóu þjóðlífi. Íslenska samfélagið hlýtur að líta á byggðastefnu sem þátt í þjóðlegum metnaði. Þjóðleg og þjóðrækileg samstaða er nauðsyn og byggðastefna er hluti hennar. Þetta er liður í framþróun samfélagsins, aðgerðir við þessum tilteknu markaðsbrestum og vaxtarverkjum. Og sannleikurinn er sá að byggðastefna er ekki umdeild í íslensku þjóðfélagi. Framkvæmdir í byggðamálum eru umdeildar, svo og athafnaleysi, en ekki byggðastefnan í sjálfri sér.

Ályktun Alþingis um stefnu í byggðamálum er ekki ágreiningsmál enda er hún raunhæf og hófsamleg. Hún beinist ekki gegn höfuðborginni eða almennri framför á þeim slóðum, heldur ítrekar hún sameiginleg stefnumið þjóðarinnar allrar. Þessi stefnumið eru líka þáttur í almennri eflingu samfélagsins og þeirri byggðastefnu landsins alls gagnvart útlöndum sem oft er rætt um.

Íslensku þjóðfélagi hefur verið umstaflað aftur og aftur á nýliðinni öld. Samgöngubyltingar og samskiptabyltingar hafa gengið yfir og haldast í hendur við alhliða tæknibyltingar og framfarir í atvinnulífi og menningu. Allar líkur benda til þess að svipuð þróun haldi áfram. En samgöngu- og samskiptabyltingar gera að vísu líka kleift að flytja þjónustuframboð og menningarframboð þéttbýlisins miklu lengra út frá borgarkjarna og til landsbyggðarinnar en áður var.

Það verður þörf fyrir Byggðastofnun um fyrirsjáanlega framtíð. Byggðastofnun er hlekkur keðjunnar í fjölpættu gróskuríku þjóðlífi á framtíðarbraut. Það verður áfram þörf fyrir rannsóknar- og ráðgjafarstöð og fjárfestingarlánastofnun á þessu sviði. Í þessu er engin þversögn. Allir þessir þættir verða til að koma í gróskuvænlegu þjóðrækilegu framtíðarsamfélagi.

VI.

Fólkið á landsbyggðinni lítur meðal annars til Byggðastofnunar. Það veit að stofnuninni eru settar skorður og að hún verður að hafna mörgum erindum, og að stofnunin verður að standa fast á rétti og hagsmunum þegar út af ber.

Þeim mun fremur verður fólkið á landsbyggðinni, og allur almenningur, að hafa ástæður til að treysta því að starfað sé samkvæmt jafnræðisreglu, góðri stjórnsýslu og málefnalegu gegnsæi, af heilindum og í heiðarleika. Þetta hefur stjórn Byggðastofnunar gert. Og þetta hafa stjórnendur, sérfræðingar og aðrir starfsmenn Byggðastofnunar gert. Allir geta treyst því að þeir fá heiðarlega afgreiðslu í Byggðastofnun.

Frá þessari stefnu má ekki víkja.